



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

ÁRSSKÝRSLA 2013

- AKUREYRI -
- 2014 -

© Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2014
Ritstjórn og umbrot: Aðalbjörg Sigmarsdóttir
Prófaralestur: Lára Ágústa Ólafsdóttir
Vefútgáfa: <http://www.herak.is/>

Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er rekið með fjárframlagi fimm sveitarfélaga við Eyjafjörð og tekur framlagið mið af fólksfjölda í hverju sveitarfélagi. Fjárhagsáætlun og rekstur heyrir undir Akureyrarbæ og Akureyrarstofu, en sú nefnd fer með málefni safnsins. Við safnið eru tvö stöðugildi og eru starfsmenn safnsins tveir, Aðalbjörg Sigmarsdóttir, héraðsskjalavörður og Lára Ágústa Ólafsdóttir, skjalavörður. Alls voru íbúar í umdæmi safnsins 20.415 þann 1. des. 2013. Héraðsskjalasafn í svo stóru umdæmi þarf óneitanlega á fleiri stöðugildum að halda til þess að geta uppfyllt lagalegar skyldur sínar. Ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu á skrifstofum og stofnunum þessara fimm sveitarfélaga, auk skráningar á safnefni og upplýsingaþjónustu við almenning og sveitarfélög er ærinn starfi. Vonandi verður ráðrúm til að auka við starfskrafta safnsins því að dæmin í þjóðfélaginu sanna að skjalavarsla opinberra stofnana verður að vera skilvirk og örugg til að tryggja hagsmuni og réttindi sveitarfélaganna og ekki síður hins almenna borgara.

Starfsemi

Á Héraðsskjalasafnið komu 642 gestir árið 2013 og fjölgaði þeim um 6,6% frá árinu áður. Karlar sem komu á safnið voru 525 og fjölgaði um 13,4% en konur voru 117 og fækkaði um 15,8%.

Að sama skapi varð einnig fjölgun á lánum á lestrarsal, alls voru lánuð 2174 númer en þau voru 2017 árið áður, fjölgunin nam því 7,8%.

Skjalafhendingar til safnsins voru 105 en árið 2012 voru þær 89, þeim fjölgaði því um 18% milli ára. Skjalaaukning á árinu voru tæpir 50 hillumetrar.

Sérstök verkefni

Starfshópar um skjalamál leikskóla og skjalamál grunnskóla sem stofnaðir voru haustið 2012 á vegum Héraðsskjalasafnsins og skjalasafns Akureyrarbæjar vann ötullega með fulltrúum leikskóla og grunnskóla á Akureyri að leiðbeiningaritum, málalyklum og skjalavistunaráætlunum fyrir þessar stofnanir. Vinnan skilaði árangri þegar á fyrstu mánuðum ársins 2014 og var þá hægt að fara að vinna að bættri skjalavörslu á þessu sviði.

Seint á árinu 2012 var stofnaður vinnuhópur um samskrá fyrir einkaskjalasöfn hér á landi. Skráin er ekki hugsuð sem skrá yfir einstök skjöl heldur einföld skrá með upplýsingum um hvaða einkaskjalasöfn væru varðveitt á hvaða safni. Vinnuhópurinn hélt sinn fyrsta fund í janúar 2013 og voru fulltrúar í honum þessir:

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs Þjóðskjalasafns Íslands, Elín S. Kristinsdóttir, skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands, Aðalbjörg Sigmarsdóttir, héraðsskjalavörður Héraðsskjalasafnsins á Akureyri, Jóna Símonía Bjarnadóttir, héraðsskjalavörður Héraðsskjalasafnsins á Ísafirði og Bragi Þorgrímur Ólafsson, fagstjóri handritasafns Landsbókasafns.

Að hausti 2013 voru leiðbeiningar og skráningarform einkaskjalaskrárinnar tilbúið til notkunar og óskaði vinnuhópurinn þá eftir því að Þjóðskjalasafn Íslands, héraðsskjalasöfn og handritasafn Landsbókasafns skráði upplýsingar í samskrána og sendi inn sínar skráningar fyrir 31. mars 2014.

Fundur og ráðstefnur

Héraðsskjalavörður sótti fund héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns Íslands í Reykjavík í apríl. Þar var m.a. rætt um sameiginlegar skrár yfir einkaskjalasöfn og sameiginlega rafræna skrá yfir safnkost allra safnanna. Einnig voru kynnt átaksverkefni héraðsskjalasafnanna, rætt um samræmda tölfraði fyrir skjalasöfnin og fleira.



Þátttakendur á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða í Kópavogi.

Skjalaverðir sóttu ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða í Kópavogi í september, þar sem m.a. var fjallað um staðlaða skráningu skjalasafna og reglur um aðgengi að þeim, samstarf við sögufélög og klasasamstarf héraðsskjalasafnanna um átak í söfnun skjala og margt fleira. Ráðstefnur sem þessi er vettvangur fyrir starfsmenn skjalasafnanna til að efla samstarf sín á milli og til að árétta mikilvægi starfs þeirra fyrir sveitarfélögin, bæði hið stjórnsýslulega hlutverk safnanna sem snýr að varðveislu skjala sveitarfélaganna og aðgengis að þeim og hið menningarlega hlutverk sem snýr að eflingu á þekkingu á sögu viðkomandi héraða.

Sýningar

Nokkrar sýningar voru haldnar á árinu 2013. Skjöl úr Eyjafirði voru sýnd, mánuð í senn, undir yfirskriftinni Skjöl eru skemmtileg. Í janúar voru sýnd 140 ára skjöl, í febrúar 130 ára skjöl og þannig koll af kalli niður í 40 ára gömul skjöl.

Í október voru sýnd bleik skjöl frá árunum 1906-1978 til að minna á söfnunar- og árveknisátak Krabbameinsfélags Íslands gegn brjóstakrabbameini sem hefur bleikan lit sem sitt einkenni. Bleikur pappír er þó ekki talinn æskilegur kostur í dag, því að varðveislugildi hans uppfyllir ekki staðla um skjalapappír.

Í nóvember tók safnið þátt í árlegum Norrænum skjaladegi og var þemað „Fjár sjóðir skjalasafnanna“ sem vísar til þess að í skjalasöfnunum eru merkilegar heimildir þar sem hver og einn getur fundið sinn fjár sjóð. Tveir atburðir úr daglegu lífi á safninu voru teknir fyrir og pistlar um þá settir á vefsíðu Norræna skjaladagsins <http://www.skjaladagur.is>. Pistlarnir hétu „Möðrufellslangloka“ og „Lengi er von á einum“ og lýsa því hvernig tveir gestir safnsins fundu þar einn daginn sína fjár sjóði.

Í desember voru sýndar jólatónleikaskrár Lúðrasveitar Akureyrar 1960-1981 og auk þess tók safnið þátt í jólasýningu Amtsbókasafnsins, Jólin á síðustu öld, með því að leggja til jólakort úr einkaskjalasöfnum.



Frá sýningunni Skjöl eru skemmtileg, hér eru til sýnis skjöl frá árinu 1903, en sýningin náði yfir skjöl úr Eyjafirði frá árunum 1873-1973.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafninu á Akureyri árið 2013

Fremst í skránni sem hér fer á eftir er afhendingarnúmer, þá fylgir heiti skjalamyndara, eða uppruni skjalanna og árábil sem þau ná yfir, því næst hver afhenti og hversu margir hillumetrar voru afhentir. Fullunnar skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal skjalasafnsins og á vefsíðunni <http://www.herak.is>.

- 2013/1 Zontaklúbbur Akureyrar 1952.
Kristín Sóley Björnsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/2 Akureyrarbær 2012.
Elín Dögg Guðjónsdóttir afhenti 0,06 hm.
- 2013/3 Ungmennafélag Saurbæjarhrepps/Ungmennafélagið Vorboðinn 1964-1996.
Gunnar Jónsson afhenti 0,05 hm.
- 2013/4 Skólanefnd Saurbæjarhrepps 1980-1991.
Gunnar Jónsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/5 Öldrunarheimili Akureyrar 1989-2001.
Sveinmar Gunnþórsson afhenti 0,45 hm.
- 2013/6 Öldrunarheimili Akureyrar 2012.
Helga Erlingsdóttir afhenti 2,24 hm.
- 2013/7 Hótel KEA 1962-1986.
Sigurður Jóhannesson afhenti 0,76 hm.
- 2013/8 Steindór Steindórsson frá Hlöðum/Gunnar Steindórsson/
Steindór Gunnarsson, Akureyri 1877-1995.
Björn Þór Sigbjörnsson afhenti 0,51 hm.
- 2013/9 Svanbjörn Sigurðsson, Akureyri 1986-2010.
Svanbjörn Sigurðsson afhenti 0,05 hm.
- 2013/10 Elli- og dvalarheimilið Skjaldarvík/Kjarnalundur 1965-2008.
Gunnar Jónsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/11 Angantýr Hjörvar Hjálmarsson, Villingadal 1960-1996.
Sigfríður Angantýsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/12 Stjórnunarfélag Norðurlands 1988.
Elín Dögg Guðjónsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/13 Olgeir Möller, Reykjavík 1998-1999.
Amtsbókasafn/Guðrún Kristín Jónsdóttir afhenti 0,12 hm.
- 2013/14 Akureyrarbær/Vinabæir 1989-1997.
Jónas Valdimarsson afhenti 0,82 hm.
- 2013/15 Diðrik Jóhannsson, Akureyri 2013.
Diðrik Jóhannsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/16 Gunnlaugur Fr. Jóhannsson, Akureyri 1999-2010.

- 2013/17 Þorlákur Axel Jónsson afhenti 0,25 hm.
Tennis- og badmintonfélag Akureyrar 1982-1995.
Lára Ellingsen afhenti 0,66 hm.
- 2013/18 Akureyrarbær/Skipulagsdeild 1952-1983.
Anna Bragadóttir afhenti 0,8 hm.
- 2013/19 St. Georgsgildið Kvistur, Akureyri 2011.
Hrefna Hjálmarsdóttir afhenti 0,08 hm.
- 2013/20 Myndhópurinn á Akureyri 1978-1993.
Hörður Jörundsson afhenti 0,1 hm.
- 2013/21 Halldór Stefánsson á Skútum í Glæsibæjarhreppi 1868-1890.
Sólveig Gestsdóttir afhenti 0,04 hm.
- 2013/22 Skipasmíðastöð KEA 1962.
Árni Björn Árnason afhenti 0,8 hm.
- 2013/23 Gunnar Kristjánsson/Fjóla Pálsdóttir, Dagverðareyri 1926-1961.
Gígja Snædal afhenti 0,08 hm.
- 2013/24 Bókasafn Þelamerkurskóla/Glæsibæjarhrepps 1977-1978.
Gígja Snædal afhenti 0,03 hm.
- 2013/25 Rósbergs G. Snædal, Akureyri 1962-1981.
Gígja Snædal afhenti 0,03 hm.
- 2013/26 Stefán Halldórsson, Hlöðum 1994-1996.
Guðrún Stefánsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/27 Glæsibæjarhreppur 1959-1994.
Guðrún Stefánsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/28 Gunnar Jónsson Austfjörð (f.1902) 1929.
Gunnar Austfjörð afhenti 0,03 hm.
- 2013/29 Leikfélag Akureyrar 1966-2008.
Þóra Hjaltadóttir afhenti 1,7 hm.
- 2013/30 Páll Tómasson/Anna Jónína Jónsdóttir, Akureyri 1973-1988.
Sigurbjörg Pálsdóttir afhenti 0,05 hm.
- 2013/31 Stefán Halldórsson, Hlöðum 1973-1978.
Guðrún Stefánsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/32 Leikfélag Akureyrar 1952-1982.
Laufey Eiríksdóttir, Dalvík 0,03 hm.
- 2013/33 Íþróttabandalag Akureyrar 2004-2011.
Elín Dögg Guðjónsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/34 Ýmis skjöl tengd Akureyri 1918-1964.
Borgarskjalasafn Rvk. /Svanhildur Bogadóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/35 Akureyrarbær v. kosninga 2013.
Elín Dögg Guðjónsdóttir afhenti 0,22 hm.
- 2013/36 Akureyrarbær 1927-1969.
Elín Dögg Guðjónsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/37 Sjúkrahús á Akureyri 1897.

- 2013/38 Magnús Stefánsson afhenti 0,03 hm.
Akureyrarbær/Framkvæmdadeild 1941-1990.
Bergur Þorri Benjamínsson afhenti 4 hm.
- 2013/39 Karl Ómar Jónsson, Reykjavík 2002-2012.
Karl Ómar Jónsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/40 Leikfélag Akureyrar 1920-2002.
Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,53 hm.
- 2013/41 sr. Þorsteinn Briem, Hrafnagili 1919.
Héraðsskjalasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga/Einar Magnússon, afhenti 0,03 hm.
- 2013/42 Karlakór Akureyrar 1958.
Héraðsskjalasafn Akraness/Erla Dís Sigurjónsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/43 Kvennakór Slysavarnarfélagsins á Akureyri 1953.
Héraðsskjalasafn Akraness/Erla Dís Sigurjónsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/44 Barnakór Akureyrar 1954.
Héraðsskjalasafn Akraness/Erla Dís Sigurjónsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/45 Jóhann Ögmundsson/Þráinn Karlsson, Akureyri 1914-2001.
Þráinn Karlsson afhenti 0,9 hm.
- 2013/46 Æskulýðsfylkingin á Akureyri 1947-1960.
Þráinn Karlsson, Akureyri 0,03 hm.
- 2013/47 Dúi Björnsson, Akureyri 1936-1995.
Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,16 hm..
- 2013/48 Oddeyrarskóli 1957-2007.
Kristín Jóhannesdóttir afhenti 0,5 hm.
- 2013/49 Framfarafélag Grýtubakkahrepps/Búnaðarfélag Grýtubakka-
hrepps 1896-1967.
Björn Ingólfsson afhenti 0,07 hm.
- 2013/50 Mjólkurdeild Höfðhverfinga 1947-1967.
Björn Ingólfsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/51 Nautgriparæktarfélagið Búbót 1904-1966.
Björn Ingólfsson afhenti 0,05 hm.
- 2013/52 Fóðurbirgðafélag Grýtubakkahrepps 1940-1945.
Björn Ingólfsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/53 Jón Friðbjarnarson, Hjalla, Grýtubakkahreppi 1911-1941.
Björn Ingólfsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/54 Lestrarfélag Grýtubakkahrepps 1875-1889.
Björn Ingólfsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/55 Útibú KSP á Grenivík 1958-1962.
Björn Ingólfsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/56 Útibú KEA á Grenivík 1979-1991.

- 2013/57 Björn Ingólfsson afhenti 0,03 hm.
Sigurbjörn Benediktsson, Ártúni 1939-1945.
- 2013/58 Björn Ingólfsson afhenti 0,03 hm.
Sláturhús KEA á Grenivík 1915-1979 .
Björn Ingólfsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/59 Grýtubakkahreppur 1892-1983.
Björn Ingólfsson afhenti 0,24 hm.
- 2013/60 Ragnhildur Jónsdóttir, Akureyri 1909-1910.
Einar Björnsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/61 Kjördæmisráð Alþýðuflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra 1977-1989.
Jón Ingi Cæsarsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/62 Jafnaðarmannafélag Eyjafjarðar 1992-2001.
Jón Ingi Cæsarsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/63 Ása Marinósdóttir, Hauganesi 2012.
Ása Marinósdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/64 Leikskólinn Krógaból 1999-2010.
Anna Ragna Árnadóttir afhenti 1,76 hm.
- 2013/65 Eyþing 1991-2001.
Valtýr Sigurbjarnarson afhenti 1,98 hm.
- 2013/66 Akureyrarbær /Framkvæmdadeild 1947-1992.
Bergur Þorri Benjamínsson afhenti 1 hm.
- 2013/67 María Pálsdóttir/Jón Árni Jónsson, Akureyri 1951-2011.
Lovísa Jónsdóttir afhenti 0,07 hm.
- 2013/68 Sóknarnefnd Möðruvallasóknar í Eyjafirði 1908-2013.
Ingibjörg Bjarnadóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/69 Sigtryggur Þorbjörnsson, Kópavogi 2013.
Ingibjörg Sigtryggadóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/70 Akureyrarbær/Fjölskyldudeild árg. 1990-1992.
Elín Sigurbjörg Jónsdóttir afhenti 2,57 hm.
- 2013/71 Borghildur Einarsdóttir, Akureyri 1911-1914.
Borghildur Einarsdóttir afhenti 0,03 hm
- 2013/72 sr. Benjamín Kristjánsson, Laugalandi 1913-1981.
Þóra Björk Kristinsdóttir afhenti 1,05 hm.
- 2013/73 Haukur Steindórsson, Þríhyrningi 1906-1926.
Haukur Steindórsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/74 Ingólfur Baldvinsson/Sveinn Baldvinsson, Naustum 3 1941-1947.
Hörður Geirsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/75 Daníel Kristinsson, Akureyri 1927-1985.
Jakob Ágúst Hjálmarsson afhenti 0,1 hm.
- 2013/76 Jónas Jónsson frá Brekknakoti 1944-1981.
Borghildur Einarsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/77 Einar Pálsson, Reykjavík 1961-1972.

- Akureyrarbær/Skipulagsdeild/Elín Dögg Guðjónsdóttir
afhenti 0,7 hm.
- 2013/78 Höfðakirkja/Grenivíkurkirkja/sóknarnefnd Laufássóknar 1874-2001.
Björn Ingólfsson afhenti 0,04 hm.
- 2013/79 Marteinn Sigurðsson, Akureyri 1963-1972.
Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/80 sr. Benjamín Kristjánsson, Laugalandi 1943-1971.
Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/81 Amtsbókasafnið á Akureyri 1976-2009.
Hólmkell Hreinsson afhenti 0,08 hm.
- 2013/82 Þorvaldur Snæbjörnsson/Guðrún Kristjánsdóttir, Akureyri 1917-1962.
Þorvaldur Snæbjörnsson./Guðrún Kristjánsd. afhentu 0,3 hm.
- 2013/83 Bindindisfélagið Dalbúinn 1955-1965.
Gunnar Jónsson afhenti 0,03 hm.
- 2013/84 Ræktunarsamband Saurbæjar- og Hrafnagilshreppa 1951-1978.
Gunnar Jónsson afhenti 0,3 hm.
- 2013/85 Hitaveita, Rafveita, Vatnsveita Akureyrar 1914-2012.
Norðurorka/Baldur Dýrfjörð afhenti 11,2 hm.
- 2013/86 Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri 1951-1998.
Þórgnýr Þórhallsson afhenti 0,08 hm.
- 2013/87 Búnaðarfélag Saurbæjarhrepps 1946-1988.
Gunnar Jónsson afhenti 0,2 hm.
- 2013/88 Þórleifur Bjarnason, Akureyri 1932-1981.
Hörður Þórleifsson afhenti 0,9 hm.
- 2013/89 Eining-Iðja, Akureyri 1933-2007.
Þorsteinn Arnórsson afhenti 3,08 hm.
- 2013/90 Valdimar Grímsson, Leifshúsum 1885.
Hilmar Stefánsson, Akureyri 0,03
- 2013/91 KPMG, Akureyri 1978-2011.
Þorsteinn Þorsteinsson afhenti 4 hm.
- 2013/92 Kvinnalistinn á Akureyri 1988-1990.
Lára Ellingsen afhenti 0,08 hm.
- 2013/93 Foreldrasamtökin á Akureyri 1981-1982.
Lára Ellingsen afhenti 0,03 hm.
- 2013/94 Jafnréttishreyfingin á Akureyri 1981-1982.
Lára Ellingsen afhenti 0,03 hm.
- 2013/95 Ferðafélag Akureyrar 2012-2013.
Kári Arnason afhenti 0,03 hm.
- 2013/96 Stella Stefánsdóttir, Akureyri 1937-1980.
Stella Stefánsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2013/97 Sparisjóður Glæsibæjarhrepps 1916-1984.

2013/98	Guðmundur Sigvaldason afhenti 1,7 hm. Jón Haukur Sverrisson, Akureyri 1991. Jón Haukur Sverrisson afhenti 0,03 hm.
2013/99	Leó Árnason, Akureyri 1936. Stefán Árnason afhenti 0,03 hm.
2013/100	Arthur Guðmundsson, Akureyri 1945-1967. Þórdís G. Arthursdóttir afhenti 0,05 hm.
2013/101	Paul W. Smith, Akureyri 1967-1988. Karl G. Smith/Jón Hjaltason afhentu 0,03 hm.
2013/102	Hótel KEA 1973-1995. Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,03 hm.
2013/103	Ólöf Sveinsdóttir, Akureyri 1927-1987. Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,03 hm.
2013/104	Björn Guðmundsson, Akureyri 1933-1937. Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,03 hm.
2013/105	Sigfús Hansen, Akureyri 1923-1992. Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,08 hm.

Rekstrarreikningur Héraðsskjalasafnsins á Akureyri 2013

40	Tekjur - Framlag ríkis	728.711cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	4.612.803cr
40	Aðrar tekjur (án vsk)	62.880cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	13.566.724.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	1.957.341.-
54	Húsaleiga/lausafjárleiga Fasteignafélags Ak.	23.304.279.-
54	Önnur þjónustukaup/ræsting	1.534.446.-
	Samtals:	<u>34.958.395.-</u>

